



HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Vöktun laxastofna í þverá og Kjarará 2019/Monitoring of
Atlantic salmon stocks in þverá and Kjarará 2019

Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir

Vöktun laxastofna í Þverá og Kjarará 2019 /
Monitoring of Atlantic salmon stocks in
Þverá and Kjarará 2019

Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir

Skýrsla er unnin fyrir Veiðifélag Þverár

Upplýsingablað

Titill: Vöktun laxastofna í Þverá og Kjarará 2019 / <i>Monitoring of Atlantic salmon stocks in Þverá and Kjarará 2019</i>		
Höfundar: Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir		
Skýrsla nr: HV 2020-07	Verkefnisstjóri: Sigurður Már Einarsson	Verknúmer: 9016
ISSN 2298-9137	Fjöldi síðna: 23	Útgáfudagur: 25. febrúar 2020
Unnið fyrir: Veiðifélag Þverár	Dreifing: Opin	Yfirfarið af: Benóný Jónsson og Guðni Guðbergsson
Ágrip: <i>Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir 2020. Vöktun laxastofna í Þverá og Kjarará 2019. HV 2020-07.</i> Laxveiðin var 1.132 laxar á vatnasvæði Þverár árið 2019 sem skiptist í 777 smálaxa og 355 stórlaxa. Einnig veiddust 134 urriðar, 1 bleiklax og 1 bleikja. Alls var 58,7% laxveiðinnar sleppt, en 9,0% urriðaveiðinnar. Laxveiðin 2019 einkenndist af 80 daga þurrkatímabili, þar sem nær ekkert rigndi frá maí fram til ágústloka og hlýindum sem ollu erfiðleikum í stangaveiðinni. Hrygning laxa í Kjarará var áætluð 3,5 hrogn/m², rétt undir langtíma meðaltali og 2,3 hrogn/m² í Þverá sem er langtíma meðaltal fyrir ána. Seiðapöttleiki laxaseiða allra árganga var langt yfir meðallagi tímabilsins 1996 – 2018. Mælingar á þöttleika klakárganga í rafveiðum sýnir hámarktæk tengsl við endurheimtur klakárganga í veiði. Ferskvatnsaldur í hreistursýnum var 2 – 5 ár og 3,6 ár að meðaltali 2019, sem er langtíma meðaltal ferskvatnsaldurs á vatnasvæðinu. Lax sem sýndi merki um fyrri hrygningu var 8,0 % sýna en er að meðaltali 4,2%. Alls skiluðu 6 klakárgangar sér í veiðinni 2019 (2011 – 2016), en veiðin var borin uppi af klakárgöngum áranna 2013 – 2015, þar sem klakið frá 2014 var með mesta hlutdeild (40,6%).		
Abstract <i>Sigurður Már Einarsson and Ásta Kristín Guðmundsdóttir 2020. Monitoring of Atlantic salmon stocks in the Þverá watershed in 2019. HV 2020-07.</i> A total of 1.132 salmon were caught in the Þverá watershed in 2019 and in addition 134 sea trout, 1 pink salmon and 1 Arctic charr. Altogether 58,7% salmon were released in the rod fishery and 9,0% of the sea trout. The rod fishery in 2019 suffered from severe droughts and unusual warm weather that created difficulties in the angling sport fishery. Spawning in 2019 was estimated 3,5 eggs/m² in Kjarará, a little under long term average values, and 2,3 eggs/m²		

in Þverá. Monitoring of juvenile salmon indicated the densities of all year classes were well above long term average values in the period 1996 – 2018. A highly significant relationship was observed between the density of 1+ parr with subsequent returns in the salmon rod fishery. Freshwater age in scale samples ranged from 2 – 5 yr with average 3,6 yr in 2019 samples, the long term average in the Þverá watershed. Repeat spawners were 8,0% in 2019 and are 4,2% on average. Six yearclasses (hatch year) were present in the 2019 catch (2011 – 2016), but the bulk of the catch came from yearclasses 2013 – 2015 where the 2014 year class dominated with 40% of the salmon fishery.

Lykilorð: Lax, urriði, hnúðlax, stangaveiði, laxahrygning, seiðaathuganir, hreisturrannsóknir, Þverá, Kjarará

Undirskrift verkefnisstjóra:



Undirskrift forstöðumanns sviðs:



Efnisyfirlit	Bls.
Inngangur	1
Aðferðir	1
Niðurstöður	2
Stangaveiði	2
Hrygningarstofn	3
Seiðarannsóknir	3
Hreisturathuganir	4
Umræður	5
Þakkarorð	8
Heimildir	9
Töflur	10
Myndir	15
Viðauki	23

Töfluskrá

Tafla 1. Stangaveiði á laxi, urriða og bleikju á vatnasvæði Þverár 2019, skipt eftir árhlutum, kynjum og sjávaraldri (Hæ= Hængar, Hr= Hrygnur). <i>Table 1. Rod catches of Atlantic salmon, brown trout and Arctic charr in the Þverá watershed in 2019 by river sections, gender and sea age.</i>	10
Tafla 2. Veiði, afli og hlutfall laxfiska sem sleppt var aftur (veitt og sleppt) á vatnasvæði Þverár sumarið 2019. <i>Catches of Atlantic salmon, Arctic charr and Brown trout in the Þverá watershed in 2019. Table 2. The number and percentage of released fish (catch and release) is indicated.</i>	10
Tafla 3. Meðalþyngd laxa eftir árhlutum, sjávaraldri og kyni árið 2019. <i>Table 3. Average weight of Atlantic salmon by river sections, sea age and gender in 2019. (Hæ=males; Hr= females)</i>	10
Tafla 4. Vísitala þéttleika (fjöldi í einni umferð á 100 m ²) laxaseiða eftir veiðistöðum í Þverá, Kjarará og Litlu-Þverá í seiðamælingum 9. og 12. ágúst 2019. <i>Table 4. Index of of</i>	

<i>juvenile Atlantic salmon densities (no. in one electrofishing round per 100 m²) by stations in Þverá, Kjarará and Litla-Þverá 9-12th of August 2019.</i>	<i>11</i>
Tafla 5. Vísitala seiðapétteleika (fjöldi í einni umferð á 100 m ²) urriðaseiða eftir veiðistöðum í Þverá, Kjarará og Litlu-Þverá 9. og 12. ágúst 2019. <i>Table 5. Index of juvenile densities (no. in one electrofishing round per 100 m²) of brown trout by research stations in Þverá, Kjarará and Litla-Þverá 9-12th of August 2019.....</i>	<i>11</i>
Tafla 6. Ferskvatns- og sjávaraldur laxa samkvæmt aldursgreiningum á hreistursýnum úr stangaveiði á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 2019. A: Laxar á fyrstu hrygningargöngu. B og C: Laxar sem áður hafa hrygnt. C: Laxar á þriðju hrygningargöngu. D: Öll sýni. (Hæ=hængar, Hr=hrygnur, Ókgr =kyn ekki skráð). <i>Table 6. Freshwater and sea age in analysis of scale samples from rod catches in the Þverá watershed in 2019. A: Virgin spawners. B and C: Repeat spawners. D: All samples combined (Hæ=males, Hr=females, Ókgr=gender not recorded).....</i>	<i>12</i>
Tafla 7. Áætlaður fjöldi laxa eftir klakárgöngum og fjölda hrygningarganga í laxveiðinni á vatnasvæði Þverár 2019. <i>Table 7. Estimated number of Atlantic salmon by year of hatching and number of spawning runs in the Þverá rod fishery in 2019.</i>	<i>13</i>
Tafla 8. Uppreiknaðar endurheimtur einstakra klakárganga laxa af náttúrulegum uppruna í laxveiði í Þverá í Borgarfirði út frá hlutdeild í hreistursýnum ár hvert. Fjöldi og hlutdeild eldislaxa (kvíaeldi, hafbeit) af laxveiði er sýnd af veiði hvers árs. Fjöldi var áætlaður 2018 (dekket svæði) út frá hlutföllum árganga 2017 og 2019. <i>Table 8. Estimated number of natural salmon by hatching yearsclass in the rod fishery by hatching year and number of salmon originated by enhancement releases or ocean ranching. IN 2018 (shaded area) no. were estimated from samples in 2017 and 2019.</i>	<i>13</i>
Tafla 9. Ferskvatnsaldur og sjávaraldur laxa (%) í hreistursýnum sem safnað var á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði 1996 – 2019. Einnig kemur fram meðalaldur laxa af náttúrulegum uppruna í ferskvatni og hlutdeild laxa sem sýna merki um fyrri hrygningu (gotmerki). <i>Table 9. Age in freshwater and sea (%) from scale samples of salmon from the Þverá watershed. Mean age in freshwater and percentage of virgin spawners and previous spawners are shown.</i>	<i>14</i>

Myndaskrá

1. mynd. Vatnakerfi Þverár í Borgarfirði. Fram kemur númer og staðsetning seiðarannsóknastöðva (rauðir hringir). *Fig.1. The Þverá watershed in Borgarfjörður. Number and location of juvenile research stations are shown (red circles).* 15
2. mynd. Daglegt meðalrennsli Norðurár í Borgarfirði frá 1. apríl – 30. september 2019. *Fig. 2. Daily average flow of Norðurá in Borgarfjörður from april 1st to september 30th 2019.....* 15
3. mynd. Laxveiði (súlur) og meðalveiði (lárétt lína) á stöng á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði árin 1974 – 2019. *Fig.3. Rod catches (columns) and mean catch (vertical line) of Atlantic salmon in the Þverá watershed 1974-2019.....* 16
4. mynd. Laxveiði skipt í smálaxaveiði (rauð lína) og stórlaxaveiði (blá lína) á vatnasvæði Þverár 1979 - 2019. Athugið mismunandi vægi á Y-ásum. *Fig.4. Rod catches of Atlantic salmon split into 1SW catch (red columns) and 2SW catch (blue line) in the Þverá*

watershed 1979-2019. Note different values on the Y-left (1SW) and Y-right (2SW) axis.	16
5. mynd. Þróun í hlutdeild stórlaxa (rauð lína) í laxveiði á vatnasvæði Þverár í gönguseiða-árgöngum 1978 – 2017. Þriggja ára keðjumeðaltöl eru sýnd (svört brotin lína). Fig.5. The percentage of two-sea-winter Atlantic salmon catches (red line) in smolt cohorts in the Þverá watershed 1978-2017. Three year running mean is shown by a black broken line.	17
6. mynd. Áætlaður hrognafjöldi og meðalfjöldi á flatareiningu (m^2) í Þverá (efri mynd) og Kjarará (neðri mynd) árin 1979 - 2019 (mt = meðaltal). Fig.6. Estimated number of Atlantic salmon eggs/ m^2 in the spawning stock of Þverá (upper) and Kjarará (lower) from 1979-2019. Average number/ m^2 are shown).	18
7. mynd. Hlutdeild sleppinga (bláar súlur) í laxveiðinni á vatnasvæði Þverár 1979 - 2019. Fig.7. The proportion of catch and release (blue columns) in the rod fishery of Atlantic salmon in Þverá and Kjarará 1979-2019.	19
8. mynd. Seiðavísitala laxaseiða eftir aldri ($0+ - 3+$) á vatnasvæði Þverár 1996 – 2019. Gildi á Y-ás eru breytileg. Fig.8. Index of average juvenile densities of Atlantic salmon by age classes ($0+ - 3+$) in the Þverá watershed 1996 - 2019. Notice different values on Y-axis.	19
9. mynd. Seiðavísitala allra árganga urriðaseiða á vatnasvæði Þverár 1996 - 2019. Fig.9. Index of densities of juvenile brown trout in the Þverá watershed 1996-2019.	20
10. mynd. Meðallengd seiðaaldurshópa laxa $0+$ til $3+$ á vatnasvæði Þverár 1996 - 2019. Fig.10. Average mean length of juvenile Atlantic salmon age classes ($0+-3+$) in the Þverá watershed 1996-2019.	20
11. mynd. Vísitala og langtíma meðaltal lífmassa ($g/100 m^2$) laxaseiða á vatnasvæði Þverár árin 1996 – 2019. Fig.11. Index of the biomass and mean biomass of juvenile Atlantic salmon ($g/100 m^2$) in the Þverá watershed 1996-2019.	21
12. mynd. Samband á þéttleika sumrunga ($0+$) og vetrunga ($1+$) af sama árgangi. Fig. 12. Relationship between density index of fry ($0+$) with parr ($1+$) of the same cohort.	21
13. mynd. Tengsl seiðapéttleika $1+$ laxaseiða við endurheimtur laxa frá klakárgöngum 1996 – 2012. Fig. 13. The relation of the density of $1+$ parr with total recaptures of salmon from year classes hatched from 1996 –2012.	22
14. mynd. Meðaltals ferskvatnsaldur (ár) laxa í hreistursýnum af vatnasvæði Þverár 1999 – 2019. Engin sýni voru tekin 2018. Fig. 14. Mean freshwater age (yr) of salmon in scale samples from the Þverá watershed 1999 – 2019. No samples were taken in 2018.	22

Viðaukaskrá

Viðauki 1. Seiðavísitala og meðallengdir laxaseiða á vatnasvæði Þverár 1996 – 2019. Appendix 1. Average density index and mean lengths of of juvenile Atlantic salmon by age class in the Þverá watershed 1996 – 2019.	23
--	----

Inngangur

Vatnasvæði Þverár í Borgarfirði er eitt laxauðugasta svæði landsins, en auk þess er urriði (sjóbirtingur) algengur á neðri hluta vatnakerfisins. Veiðihlunnindi, sem felast einkum í stangaveiðum á laxi, eru afar verðmæt fyrir landeigendur á svæðinu. Leyfðar eru 14 stangir á öllu vatnasvæðinu frá 1. júní – 20. september. Flugla er eina leyfða agnið í veiðinni og skylt er að sleppa öllum tveggja ára löxum (stórlöxum). Hafrannsóknastofnun (áður Veiðimálastofnun) hefur annast vöktun á seiðanýliðun, vexti og útbreiðslu laxfiska í vatnakerfinu samfelld frá árinu 1996, en fyrstu seiðarannsóknir fóru fram á vatnasvæðinu árið 1989 (Sigurður Már Einarsson 1989). Söfnun og myndgreining á hreistursýnum hófst 1999 og mat á búsvæðum var gert í tengslum við arðskrármat árið 2000 (Sigurður Már Einarsson, Friðþjófur Árnason og Þórólfur Antonsson, 2000). Unnið er úr skráningu veiðinnar í veiðibækur ár hvert, mat fer fram á fjölda hrogna í árlegri hrygningu (frá 1979) auk mælinga á vatnshita með síritandi hitamæli (frá 2001).

Vöktunarrannsóknir á vatnasvæði Þverár hefur verið gerð skil með skýrslum og erindum á aðalfundum Veiðifélags Þverár um framvindu rannsókna og hefur flest ár verið gefin út rannsóknarskýrsla með niðurstöðum og ráðgjöf (Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir, 2018). Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsókna á árinu 2019.

Aðferðir

Stangaveiðin á vatnasvæðinu er skráð úr veiðibókum í rafrænan gagnagrunn (Skrínan) Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2019). Laxveiðinni er skipt á milli smálaxa (eitt ár í sjó) og stórlaxa (tvö ár í sjó) og er þar áætlað að hængar þyngri en 4,0 kg og hrygnur þyngri en 3,5 kg, hafi dvalið 2 ár eða lengur í sjó.

Fjöldi laxahrygna sem gekk í Þverá annars vegar og Kjarará hins vegar var áætlaður fyrir tímabilið 1979 – 2019 með því að áætla 50% veiðihlutfall í stangaveiði á smálaxahrygnum og 70% á stórlaxahrygnum (Ingi Rúnar Jónsson, Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson, 2008). Tillit var tekið til sleppinga á lifandi laxi úr stangveiði og áætluð 30% endurveiði á laxi sem er sleppt og veiðist oftari en einu sinni (Guðni Guðbergsson og Sigurður Már Einarsson, 2007). Gert var ráð fyrir sama kynjahlutfalli hrygningarfiska og í skráðri veiði. Aðferðum við útreikninga á hrognafjölda Þverár og Kjararár, bæði í heild og á flatareiningu, hefur áður verið lýst (Sigurður Már Einarsson o.fl., 2014).

Árleg vöktun á þéttleika og seiðavexti laxfiska fór fram 9. – 12. ágúst 2019. Á hverju ári er veitt á 14 stöðum á sama árstíma (1. – 15. ágúst) sem dreifast um allt vatnasvæðið (1. mynd). Aðferðalýsingum við veiðar og úrvinnslu á seiðagögnum hefur áður verið gerð skil (Sigurður Már Einarsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Guðni Guðbergsson, 2012).

Alls voru myndgreind 175 hreistursýni úr veiðinni á vatnasvæðinu árið 2019, það er 47 úr Kjarará og 128 úr Þverá, en ekki bárust sýni úr Litlu Þverá. Aðferðum við söfnun, úrvinnslu og myndgreiningu sýnanna hefur áður verið lýst (Sigurður Már Einarsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Guðni Guðbergsson 2011). Eftir aldursgreiningu var laxafjöldi uppreiknaður í laxveiðinni og leiðréttur ef sýnaúrtak endurspeglar ekki hlutdeild smálaxa og stórlaxa í veiðinni. Fjöldi eftir klakárgöngum er síðan reiknaður á einstaka klakárganga. Við þá vinnu er tekið tilliti til laxa sem áður hafa hrygnt, en þeir flokkast á stundum sem smálax í veiðigögnum, en eru réttilega eldri.

Niðurstöður

Stangaveiði

Laxveiðin á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði árið 2019 var alls 1.132 laxar, þar af 557 laxar í Þverá, 555 laxar í Kjarará og 20 laxar í Litlu Þverá (tafla 1). Í Þverá veiddust einnig 125 urriðar, 1 bleikja og 1 bleiklax (tafla 1). Laxveiðin skiptist í 777 smálaxa (1 ár í sjó) og 355 stórlaxa (2 ár í sjó). Í laxveiðinni var alls 58,7% laxa sleppt, en 9,0% urriðaveiðinnar (tafla 2). Smálaxahængar voru að jafnaði 2,29 kg að þyngd, en hrygnur af sama sjávaraldri 2,23 kg. Stórlaxahængarnir vógu 5,94 kg en hrygnurnar 5,2 kg (tafla 3).

Sumarið 2019 á Vesturlandi einkenndist af 80 daga þurrkatímabili, þar sem nær ekkert rigndi frá maí fram til ágústloka auk þess sem snjómiðlun úr fjöllum var lítil þar sem veturinn á undan var afar hlýr. Rennslismælingar eru ekki gerðar í Þverá en í Norðurá í Borgarfirði mældist rennslið frá byrjun júní til 25. ágúst að meðaltali 2,9 m³/s og varð minnst 1,5 m³/s og mest 5,8 m³/s á þessu tímabili (2. mynd). Einnig voru mikil hlýindi á þessum tíma og fjöldi sólarstunda óvenju mikill. Laxveiðin á vatnasvæði Þverár árið 2019 reyndist með slökustu veiðiárum sem komið hafa á vatnasvæði Þverár. Meðalveiðin frá 1974 – 2019 er 1.996 laxar á ári og laxveiðin 2019 var því einungis 57% af langtíma meðalveiði (3. mynd). Í Þverá kom fram mikil lægð í veiði á níunda áratugnum þar sem bæði smálaxi og stórlaxi fækkaði. Stórlaxi fækkaði stöðugt fram til 2012, en smálaxastofn árinna tók að vaxa mjög hratt eftir aldamótin og Þverá hefur þannig þrisvar sinnum farið yfir 3.000 laxa í veiði frá 2004 (3. mynd). Undanfarin ár hafa einkennst af miklum sviptingum í veiðinni þar sem skipst hafa á slök veiðiár (2012 og 2014) og góð veiðiár (2013

og 2015). Frá 2013 hefur veiði á stórlaxi aukist mikið og árin 2017 og 2018 hefur stórlaxaveiðin verið tæplega 600 laxar og verður að leita aftur til ársins 1990 til að finna svipaðan fjölda veiddra stórlaxa. Nokkuð dró úr fjölda veiddra stórlaxa árið 2019 (4. mynd) en hlutdeild stórlaxa í veiðinni af hverjum árgangi hefur verið á bilinu 25 – 30% í árgöngum sem gengu til sjávar árin 2013 – 2017 (5. mynd). Var þetta hlutfall komið niður fyrir 10% árin 2004 – 2010.

Hrygningarstofn

Stærð hrygningarstofns Kjararár haustið 2019 var áætluð 135 smálaxahrygnur og 180 stórlaxahrygnur, sem svarar til hrognafjölda um 2,9 milljónir hroгна (3,5 hrogn/m²). Þessi hrognafjöldi er lítillega undir langtíma meðaltali sem er um 3,9 hrogn/m² (6. mynd). Hrygnur stórlaxa eru afar mikilvægar í Kjarará og var hlutdeild þeirra áætluð 71% af hrygningunni haustið 2019. Í Þverá var stærð hrygningarstofnsins áætluð 148 smálaxahrygnur og 63 stórlaxahrygnur sem svarar til þess að hrognafjöldi Þverár hafi verið 1,6 milljónir hroгна eða 2,3 hrogn/m², sem er langtíma meðaltal hrygningar í Þverá (6. mynd). Hrygning stórlaxa var 47% af hrygningunni í Þverá. Hrognafjöldi Þverár og Kjararár hefur aukist verulega í kjölfar aukinnar laxgengdar inn á vatnasvæði Þverár frá 2005 og aukinna sleppinga í veiðinni. Sleppingar í veiðinni eru sérstaklega mikilvægar í árum þar sem laxgengd og laxveiði er slök eins og árin 2012, 2014 og 2019 en frá árinu 2012 hefur 50 – 60% veiðinnar verið sleppt (7. mynd).

Seiðarannsóknir

Seiðarannsóknir fara árlega fram á 14 stöðum á vatnasvæði Þverár (1. mynd). Samanlagður þéttleiki seiða var alls 60,6/100 m² (tafla 4). Seiðapéttleikinn var að meðaltali mestur í Kjarará (82,2/100 m²), mældist nokkru minni í Litlu Þverá (71,2/100 m²) en var lægstur á stöðvum í Þverá (35,5 seiði/100 m²). Þéttleiki sumruna (0⁺) var 19,8 seiði/100 m², þéttleiki eins árs seiða (1+) mældist 25,7 seiði/m², tveggja ára seiði (2+) mældust 11,5/100 m² og seiði á fjórða ári (3+) 3,6/100 m². Allir aldurshópar laxaseiða mældust langt yfir langtíma meðaltali mælinga frá 1996 – 2018 (8. mynd). Vísitala seiðapéttleika allra aldurshópa laxaseiða var yfir meðaltali mælinga; sumrunga 3,3/100 m², vetrunga 9,5/100 m², tveggja ára seiði 4,6/100 m² og þriggja ára seiði 1,6/100 m² (8. mynd, viðauki 1). Í mælingum á seiðapéttleika á vatnasvæði Þverár hafa vísitölumælingarnar aðeins tvisvar sinnum mælst hærrí, árin 2010 og 2017 (viðauki 1).

Seiðapéttleiki urriðaseiða mældist að meðaltali 1,9 seiði/100 m². Urriði, sem hrygnir mjög lítið í Kjarará þar sem lax er nær einráður, er algengur í Þverá og Litlu Þverá (tafla 5). Þéttleiki urriðaseiða jókst lítillega frá 2018 (9. mynd).

Árið 2019 mældist meðallengd sumrunga (0+) lítilsháttar (0,1 cm) undir langtíma meðaltali en hjá eins árs seiðum (1+) og eldri aldurshópum eru meðallengdir með þeim lægstu frá upphafi vöktunarmælinga (10. mynd, viðauki 2). Vísitala lífmassa (margfeldi þyngdar og fjölda) laxaseiða reiknaðist 140 g/100 m² sem er nokkuð yfir langtíma meðaltali (11. mynd).

Marktækt samband ($P < 0,01$) var á seiðavísitölu sumrunga (0+) við seiðavísitölu sama árgangs ári síðar ($R^2 = 0,63$) (12. mynd). Sambandið bendir til að vísitala seiðapétteleika á bilinu 20 – 30/100 m² nægi til að fullnýta búsvæði árinna, en ef seiðapétteleiki fer mikið umfram það getur komið fram hækkandi dánartala ef seiðafjöldinn er meiri en sá sem finnur sér skjól og fæðu í ánni.

Hreisturathuganir

Myndgreiningar voru gerðar á 175 hreistursýnum af laxi úr stangaveiðinni 2019, sem var um 15% af stangaveiðinni sumarið 2019. Af þessum fjölda voru 161 laxar á sinni fyrstu hrygningargöngu, en 13 laxar höfðu hrygnt einu sinni áður og 1 lax hafði hrygnt tvisvar sinnum áður (tafla 6). Öll sýnin voru af náttúrulegum uppruna og var ferskvatnsaldur þeirra á bilinu 2 – 5 ár. Þriggja og fjögurra ára ferskvatnsaldur var ríkjandi í sýnunum og var samanlögð hlutdeild þeirra 87,4% (tafla 6D). Flestir laxanna á fyrstu hrygningargöngu voru eins árs laxar (95,7%) en færri voru tveggja ára úr sjó (4,3%; tafla 7A). Af þeim 14 löxum sem áður höfðu hrygnt voru 13 af smálaxastærð, en einungis 1 af stórlaxastærð (tafla 7B; 7C).

Lax í Þverárveiðinni 2019 var af sex klakárgöngum, frá 2011 – 2016 (tafla 7). Klakárgangur frá 2014 var með mesta hlutdeild af veiðinni (40,6%), næst kom árgangur frá 2015 (28,9%) og þar á eftir árgangurinn frá 2013 (19,1%). Samanlögð hlutdeild þeirra var 87,4% af veiðinni sumarið 2019. Laxar sem voru að ganga í fyrsta sinn til hrygningar voru 91,9% af veiðinni, en 8,1% laxanna höfðu áður hrygnt (tafla 7). Flestir endurkomulaxar voru af smálaxastærð, en það skýrist af því að lax sem lifir af hrygninguna og nær að ganga aftur til sjávar, gengur aftur í ána til hrygningar eftir stutta sjávardvöl (samsumars) og nær lítið að vaxa á þeim tíma.

Hreistursýnum hefur samfelld verið safnað í Þverá frá árinu 1999, utan ársins 2018 er sýnatökur fóru ekki fram. Það tekur á bilinu 5 – 6 ár fyrir hvern klakárgang að skila sér að fullu inn í veiðina á vatnasvæði Þverár (tafla 9) og hafa klakárgangar árinna 1996 – 2012 að fullu skilað sér inn í veiðina. Klakárgangar á þessu tímabili skiluðu að meðaltali 2.082 laxa veiði, en verulegur breytileiki kemur fram í stærð þeirra. Þannig skilaði klakárgangur 2007 einungis 889 löxum, en mestum fjölda skilaði klakárgangurinn frá 2004 eða 3.524 löxum. Um fjórfaldur munur er því á minnstu og mestu árgangastærð á þessu tímabili.

Marktæk tengsl eru á milli seiðapéttleika árgangs og endurheimtum í laxveiði (13. mynd). Sambandið bendir til að péttleikabundin áhrif á stærð klakárganganna geti komið fram þegar péttleiki seiða fer yfir 25 – 30 seiði/100 m².

Öflug og nær samfelld hreistursýnataka hefur farið fram á hreistursýnum á vatnasvæði Þverár frá árinu 1999 þar sem sýnum af um 10% veiðinnar hefur að staðaldri verið safnað (tafla 9). Ferskvatnsaldur náttúrulegra seiða var að meðaltali 3,6 ár á þessu tímabili. Ferskvatnsaldurinn var hár í byrjun tímabilsins en náði lágmarki árin 2006 – 2007 og aftur 2013 (14. mynd). Undanfarin ár hefur ferskvatnsaldur verið nálægt meðaltali. Laxar tilkomnir frá fiskræktarsleppingum gönguseiða á vatnasvæði Þverár eða eru upprunnir sem flækningar úr hafbeitarsleppingum sýna eins árs ferskvatnsaldur og hafa að meðaltali 4,7% hlutdeild af sýnaúrtakinu (tafla 9). Á fyrri hluta þessa tímabils var sjógönguseiðum af stofnum Þverár og Kjararár sleppt í fiskræktarskýni til að efla laxgengd í ána. Sleppingarnar höfðu veruleg áhrif á laxgengd og veiði sum árin og var hlutdeild þeirra mest 19% í veiðinni 2001. Engum seiðum hefur verið sleppt til fiskræktar á vatnasvæði Þverár frá árinu 2012.

Laxar sem áður hafa hrygnt koma fram í hreistursýnum flest ár á vatnasvæði Þverár. Á fyrrnefndu tímabili er hlutdeild þeirra í sýnum að meðaltali 4,2%, en hlutdeild þeirra er allt frá því að engin slík sýni hafa komið fram í sýnaúrtakinu og upp í 9,1% árið 2012 (tafla 9).

Umræður

Laxveiðin á vatnasvæði Þverár árið 2019 var afar slök og veiðin einungis um helmingur af langtíma meðalveiði. Miklar sviptingar hafa komið fram í laxveiðinni á vatnasvæði Þverár undanfarinn áratug þar sem komið hafa mjög slök veiðiár eins og 2012, 2014 og 2019, en einnig ár þar sem veiði hefur verið með eindæmum góð (2010, 2013). Í öllum meginatriðum hafa þessar sömu sveiflur einnig komið fram annars staðar á Suðurlandi og Vesturlandi. Þannig var veiðin á villtum laxi á Íslandi árið 2019 sú minnsta frá því að farið var að skrá veiðitölur í rafrænan gagnagrunn (Frétt á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar, www.hafogvatn.is 10. október 2019). Lífsferill laxa er flókinn þar sem hrygning og seiðauppeldi fer fram í straumvatni í 2 – 5 ár þar til laxinn gengur til sjávar þar sem hann dvelur í 1 – 2 ár á búsvæðum í hafi fram að kynproska, er laxinn gengur heim á leið til hrygningar í heimaánni (Thorstad, Whoriske, Rikardsen og Aarestrup, 2011). Það eru því tveir meginþættir sem einkenna lífsferilinn, laxagöngur og laxveiðina hverju sinni; framleiðsla árinna og afföll laxa í sjávardvölinni. Framleiðsla Þverár hefur verið vöktuð með mati á vísitölu seiðapéttleika samfelld frá árinu 1996. Þannig hefur komið fram í niðurstöðum þessarar vöktunar að hámarktækt samband er á milli vísitölu seiðapéttleika

í Þverá og fjölda laxa sem endurheimtist í ána af viðkomandi klakárgangi og skýrir þetta samband tæplega 50% af breytileika í stærð klakárganga sem skilar sér í ána (mynd 13). Árið 2019 voru klakárgangar áranna 2013, 2014 og 2015 ríkjandi í veiðinni, en allir þessir árgangar hafa mælst um og yfir meðallagi í vöktunarmælingum á vatnasvæði Þverár. Víða annars staðar á Vesturlandi var klakárgangur frá 2015 hins vegar mjög slakur vegna hrygningarinnar haustið 2014, sem var mjög slakt ár í laxagöngum og veiði. Vor og sumar 2015 voru köld á Vesturlandi sem gæti hafa seinkað útgöngu seiða og hugsanlega hafa einhver seiði frestað útgöngu af þeim sökum og færri seiði gengið til sjávar en í eðlilegu árferði.

Laxastofnum við Atlantshaf hefur hnignað mjög undanfarna áratugi (ICES, 2019) og eru breytingar á sjávarumhverfi taldar þar vega hvað þýngst, sem tengist hnattrænni hlýnun og loftslagsbreytingum. Þannig hafa breytileg afföll laxa sýnt almennt neikvæð tengsl við hækkun á sjávarhita og jákvæð tengsl við mælingar á frumframleiðslu. Laxastofnar á suðvestursvæði Íslands sýna hins vegar jákvæð tengsl við hækkun á sjávarhita (Olmos ofl., 2020). Sjávarhiti suðvestur af Íslandi hefur sveiflast mikið undanfarin ár og var t.d. undir meðallagi í júlí 2018 samkvæmt gagnagrunni NOAA um yfirborðshita sjávar (sbr. Banzon o.fl. 2016) á þeim tíma er unglax dreifir sér á laxabúsvæðin sunnan og vestan við Ísland (Guðjónsson ofl., 2015). Á Íslandi hafa miklar breytingar komið fram á endurheimtum úr sjó, m.a. í Elliðaánum þar sem endurheimtur sveiflast frá 5 – 20% eftir árferði (ICES, 2019). Þegar endurheimtur eru lágar úr sjó fer það saman að vöxtur unglaxa á fyrsta ári í sjó er lítill. Í langri hreisturgagnaröð úr Norðurá í Borgarfirði hafa marktæk tengsl fundist á milli vaxtar unglaxa í sjó og smálaxaveiðinnar í Norðurá, þannig að veiði á smálaxi eykst með auknum sjávarvexti á fyrsta ári sjávardvalarinnar (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2018). Vöxtur unglaxa í hafi, sem skiluðu sér sem smálax í Norðurá sumarið 2019, var 31,6 cm eða 2,5 cm undir meðaltali og sá fjórði lægsti frá 2010 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir, óbirt gögn). Þessar niðurstöður benda til að sjávarumhverfið hafi verið óhagstætt á fyrsta ári í sjó og leitt til affalla á gönguseiðaeiðaárganginum sem fór til sjávar 2018.

Sumarið 2019 var með eindæmum þurrt og hlýtt og nánast ekkert rigndi frá maí fram til ágústloka. Veturinn 2018 – 2019 var snjóléttur og því lítil snjómiðlun úr fjöllum. Í Norðurá mældist þessi lágrennsliskafli 80 dagar þar sem rennsli var undir 3,5 m³/s og lággildi 1,5 m³/s. Sumarið 2007 kom fram með líkt ástand sem varði þó í styttri tíma (Veðurstofa Íslands, 2020). Vatnsrennsli í Þverá var mælt á tveimur stöðum þann 26. ágúst 2019 og mældist þá rennsli Litlu Þverá 0,35 l/s og Þverár, neðan ármóta Litlu Þverár, 1,6 m³/s. Talið er að vatnsrennslið Þverár hafi minnst orðið 1,2 m³/s á þessu tímabili (Óðinn Þórarinnsson og Njáll Fannar Reynisson, 2019). Erfitt er að meta áhrif lágrennslisins á laxagöngur og veiði

